



Tuttugasti og fyrsti árgangur héraðsritsins Skaftfellings er komið út. Ritið flytur að vanda fjölbreytt efni úr Austur-Skaftafellssýslu, bæði nýtt og gamalt. Má þar nefna frásagnir, viðtöl, verkefni framhaldsskólanema, smásögu eftir Kristínu Jónsdóttur, greinar presta um látna Hornfirðinga og síðast en ekki síst fjölda teikninga eftir Gísla Eysteinn Aðalsteinsson.

Skaftfelling er hægt að fá bæði í áskrift og lausasölu hjá Menningarmiðstöð Hornafjarðar, Nýheimum, 780 Höfn, sími: 470 8050, netfang: menningarmidstod@hornafjordur.is

## Hagyrðingakvöld

Föstudagskvöldið 23. nóvember 2012, kl. 20 verður haldið hagyrðingakvöld í Skaftfellingabúð. Þar koma saman fyrir hönd Austur-Skaftfellinga, Kristín Jónsdóttir, bóndi á Hlíð og Valur Freyr Pálsson frá Breiðabólstað. Og úr Vestur Skaftafellssýslu þau Ásta Sverrisdóttir bóndi í Ytri Ásum og Valdimar Tómasson lífskúntner og bóksali í Reykjavík, frá Litlu Heiði í Mýrdal. Stjórnandi er Skúli Oddsson. Að kvíðingum loknum verður hægt að fá sér snúning undir harmonikkuleik til kl. 1. Léttar veitingar í boði. Aðgangseyrir kr. 1500.

### Stjórn Skaftfellingafélagsins 2012-2013

Skúli Oddsson, formaður	587 1799	864 3415	skuli.oddsson@uar.is
Anna Sigurðardóttir	564 2210	861 5817	anna@brunabot.is
Jón Geir Birgisson	567 5558	865 6604	jongeir@reykjafell.is
Helgi Pálsson	565 4818	899 4818	hpfoss@simnet.is
Svavar M. Sigurjónsson	564 0670	856 9670	svavar@technik.is

#### Varamenn

Gunnþóra Gunnarsdóttir – Hákon Jón Kristmundsson – Rúnar Þór Guðbrandsson

#### Netfangasöfnun

Munið að senda inn netföng á [skaft@skaft.is](mailto:skaft@skaft.is)

#### Skaftfellingabúð

Útleiga Skaftfellingabúðar er í umsjón Skúla Oddssonar s. 864 3415.

## Fréttabréf

Skaftfellingafélagið í Reykjavík • Laugavegi 178 • 105 Reykjavík • Sími 553 9955

2. tbl. október 2012

- **Félagsvist**  
í Skaftfellingabúð  
fimmtudag kl. 20  
11. október 2012  
25. október 2012  
8. nóvember 2012  
22. nóvember 2012  
17. janúar 2013

- **Fyrirlestur og myndakvöld**  
í Skaftfellingabúð  
fimmtudag kl. 20  
1. nóvember 2012

- **Hagyrðingakvöld**  
föstudag kl. 20  
23. nóvember 2012

- **Aðventustund**  
í Skaftfellingabúð  
sunnudag kl. 15  
9. desember 2012

- **Sumarskálm 2012**  
Náttúruperlur Vestur  
Skaftafellssýslu  
5.- 8. júlí 2012

- **Söngfélagið**  
í Skaftfellingabúð  
Söngæfingar  
þriðjudagskvöld kl. 20

- **Skálm**  
Miðvikudaga kl. 19:30  
Laugardaga kl. 11:00

Endursendist með upplýsingum um nýtt pósthfang ef viðtakandi er fluttur

## Fýlaveisla

Hin árlega og ómissandi fýlaveisla verður í Skaftfellingabúð fyrsta vetrardag,

**laugardaginn 27. október 2012**

og hefst með borðhaldi kl. 20.  
Húsið verður opnað upp úr kl. 19.

Að venju verður borinn fram saltaður fýll úr Mýrdalnum, veiddur af Tryggva Ástþórssyni og Ragnheiði Högnadóttur og verkaður undir vökulum augum Málfríðar Eggertsdóttur. Fýllinn verður borinn fram með soðnum rófum, kartöflum og öðru hefðbundnu meðlæti. Þá verður einnig boðið upp á hangikjöt.

Hafsteinn Jóhannesson fv. sveitarstjóri í Vík og kona hans Magnea Magnúsdóttir segja sögur

Hljómsveitin Granít úr Vík



Miðapantanir fyrir 23. október  
Hákon (821 2115) og Helgi (899 4818)  
**Aðgangur kr. 6.000**

## Söngfélag Skaftfellinga

Söngfélag Skaftfellinga hóf upp raust sína þetta haustið þann 18. september kl. 20:00 í Skaftfellingabúð. Æfingar eru á þriðjudagskvöldum kl. 20:00. Upplýsingar gefur stjórn Söngfélagsins: Kolbrún Einarsdóttir s: 618 8761/824 5521

## Harmónikkubæður



Væntanlegur er nýr geisladiskur "Nikkujól" með tvíburunum Andra Snæ og Braga Fannari Þorsteinssonum. Á disknum leika þeir sígild jólalög og er þetta fyrsti jóladiskur sinnar tegundar sem gefinn er út hér á landi. Þeir bræður hófu ungir að læra á harmónikkur, fyrst hjá Sigjóni Bjarnasyni á Brekkubæ og síðan hjá Gunnlaugi Presti Höskuldssyni á Hornafirði. Áhugi þeirra á harmónikkunni er ekki síst að þakka afa þeirra bræðra Baldvini Ragnarssyni sem þeir tileinka þennan disk. Diskurinn er væntanlegur í verslanir í nóvember.

# Aðventustund

*Skaftfellingafélagið og Söngfélagið standa fyrir aðventustund  
sunnudaginn 9. desember 2012*

*kl. 15:00 í Skaftfellingabúð, Laugavegi 178.*

*Söngfélagið syngur nokkur jólalög, bornar verða fram  
kaffiveitingar og gengið í kringum jólatré.*

*Aðgangseyrir kr. 1000 fyrir fullorðna*

## Fyrirlestur og myndakvöld

Fimmtudaginn 1. nóvember 2012, kl. 20. Í tilefni þess að 650 ár eru liðin frá gosinu mikla í Öræfajökli 1362 mun dr. Ármann Höskuldsson eldfjallfræðingur fjalla um þessar miklu hamfarir fimmtudaginn 1. nóvember 2012, kl. 20 í Skaftfellingabúð.

Jarðvísindamenn álíta þetta mesta vikurgos hérlendis á sögulegum tíma, en flóð, gjóskuhlaup og gjóskufall eyddu allri nærliggjandi byggð. Ármann hefur rannskað gosið ítarlega og sér hann merki þess að þetta hafi verið meiri hamfarir en menn gera sér almennt grein fyrir.



Að loknu hléi sýnir Þórir N. Kjartansson í Vík einstakar fuglamyndir og myndir af fjallendi umhverfis Mýrdalsjökul. Veitingar seldar í hléi. Aðgangur ókeypis.

## Félagsvist

Fyrsta spilakvöldið sem Skaftfellingafélagið heldur með Rangæingum þetta haustið verður fimmtudaginn 11. október kl. 20:00 í Skaftfellingabúð Laugavegi 178. Svo verður haldið áfram að spila 25. október, 8. nóvember og 22. nóvember. Eftir áramót verður haldið áfram að spila fimmtudaginn 17. janúar 2013.

## Sumarskálmm um náttúruperlur V-Skaftafellssýslu 5.-8. júlí 2012

Að þessu sinni ákváðu Skálmarar að slást í för með Ferðafélagi Íslands í fjögurra daga gönguferð upp með Hólmsá að Strútslaug um fáfarnar slóðir og kynnst ýmsum náttúruperlum Vestur Skaftafellssýslu. Hólmsá á upptök sín í Torfajökli. Um 15 manna hópur Skálmara skráði sig í ævintýraferð á vegum Ferðafélags Íslands en þegar upp var staðið tók um 40 manna hópur þátt í þessari sumargöngu með einvala hópi fararstjóra og leiðsögumanna. Aðalfararstjóri var Vigfús Gunnar Gíslason frá Flögu í Skaftártungu sem var óþreytandi að fræða göngumenn um landsvæðið og mannlíf þess, en prófessorarnir Gísli Már Gíslason og Þóra Ellen Þórhallsdóttir sáu um að fræða göngumenn um dýralíf og gróður á leiðinni. Fimmtudaginn 5. júlí hófst þessi áhugaverða gönguför með því að þátttakendur hittust við félagsheimilið Tungusel. Hópnum var skutlað að Hólmsá vestan Hrifuness, vestan megin árinna stutt inn á Öldufellsleið, en þar hófst hin eiginlega landkönnun Hólmsár og nágrennis.



Fyrsta daginn var gengið vestan Hólmsár norður fyrir Atley, þægileg um 14 km dagleið. Þar sáu björgunarsveitarmenn um að ferja göngugarpa yfir ána og um kvöldið var slegið upp tjöldum í Villingaskógum austan árinna. Um kvöldið var skógarganga þar sem hugað var að fjölbreyttri flóru og fuglalífi. Það var sérstaklega áhugavert að gista í tjöldum í þéttum skógi sem nánast enginn hafði áður heyrt um, í fyrirhuguðu lónstæði, en stór hluti af skóginum fer á kaf verði áform um Hólmsárvirkjun að veruleika. Á föstudeginum var gengið upp með Hólmsá að austanverðu, öllu lengri dagleið um 18 km. fram hjá Hólmsárfossi og Einhyrningi og eftir Einhyrningshömrum þar sem hópurinn upplifði afar fjölbreytt landslag og stórbrotið við Hólmsá og sáu auk þess stóra hópa af helsingjum á hlaupum,

en þeir verpa í hólum sem Hólmsáin er kennd við. Slegið var upp tjöldum í Tjaldgili í Ljótastaðaheiði. Þegar hér var komið sögu var hópurinn farinn að hristast vel saman en það er góð leið til að kynnst fólki eða rækta vinatengsl að ganga saman um óbyggðir fjarri glaumi heimsins. Á þriðja degi var gengið áfram til norðurs um 14 km þægilega dagleið, framhjá Axlarfossi og að Brytalækjum og gengnir krókar um Brytalæki. Vaða þurfti nokkrum sinnum og undir lokin yfir Hólmsá en fólk lét það ekkert á sig fá, bara hressandi að kæla aðeins tærnar. Tjaldað var sunnan Hólmsárlóns og um kvöldið var rýnt í jurtafífi á svæðinu og urðu margir margs vísari um plöntulíf. Nokkuð var farið að bera á þreytu og fótameinum hjá sumum göngumönnum, en allir komust samt heilu og höldnu í náttstað.

Á fjórða og síðasta göngudegi var gengið um Rauðabotn sem er hluti af Eldgjánni sem nær frá Mýrdalsjökli alla leið að Vatnajökli, að mestu leyti sýnileg.



Gengið var meðfram ægífögum náttúrulegum Hólmsárlönum í Strútslaug þar sem gott var að fara í fótabað í einmuna blíðu. Þaðan var að lokum gengið að veginum vestan Strúts við Strútskálann. Þessa dagleið var um 18 km, og var hæst farið í 700 m hæð. Það var afar góð stemning í þessum hópi, bæði á göngunni og á kvöldin í tjaldbúðunum þar sem ýmislegt var skrafað og sögur sagðar. Göngufólki var síðan ekið í Tungusel þar menn gerðu sér glaðan dag í lok ferðar, grilluðu dýrindis lambakjöt og áttu notalega stund saman áður en hver hélt til síns heima eftir dýrðardaga í magnaðri náttúru Skaftártungu og Hólmsár, um 60 km leið. Slík upplifun lætur engan ósnortinn, en í lok ferðar var áberandi hversu ákveðna afstöðu hópurinn tók gegn fyrirhugðum virkjanaáformum á þessu svæði eftir að hafa kynnt sér það af eigin raun.